

Skj.nr.	2.20	Mótt. af	21 OKT. 2015
Áb.m.	RÁ	Úrv.aðili	St.A
Símtal		Tölvup.	Fax
Svarit.		Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One	1410165		JHF

Akranesi, 20. október 2015

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.
b/t formanns bæjarráðs og bæjarstjóra.

Efni: Samstarf Akraneskaupstaðar og félags eldri borgara á Akranesi og nágrenni (FEBAN) um húsnæðismál.

Á fundi stjórnar FEBAN þann 19. október 2015 var samþykkt að beina því til bæjarráðs og bæjarstjórnar að við gerð fjárhagsáætlunar 2016 verði veitt fjármunum til hönnunar og byrjunar framkvæmda að Dalbraut 6. Nauðsynlegt er að hraða framkvæmdum, þar sem að leiga húsnæðisins að Kirkjubraut 40 rennur út í árslok 2016, enda hefur starfsemi FEBAN sprengt utan af sér húsnæðið nú þegar.

Nú er sá árstími að bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er sérstaklega að vinna að fjárhagsáætlunum bæjarfélagsins til næsta árs og næstu ára. Stjórn FEBAN vill því nota tækifærið og minna á ákvörðun bæjarstjórnar með undirritun kaupsamnings um Dalbraut 6 þann 26. mars 2014 og stefnu bæjaryfirvalda sem þar með var tekin.

Fram kom í tengslum við ofangreint tækifæri að húsnæðið er; „...hugsað sem þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara sem bæði getur rúmað félagsstarf og viðburði af ýmsu tagi fyrir þennan ört stækkandi hóp auk þess sem starf með eldri borgurum á vegum Akraneskaupstaðar verður þar til húsa. Regína rakti aðdraganda þess að húsið var keypt en Akraneskaupstaður og félagið hafa átt í viðræðum um margra ára skeið vegna húsnæðismála. Akraneskaupstaður leigir húsnæði að Kirkjubraut 40 fyrir starfseminu en það húsnæði er þegar orðið of lítið og leigusamningur rennur út árið 2016. Fyrir ári síðan var starfshópur settur á laggirnar til að vinna að útfærslu hugmyndar um þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Akranesi.Bæjarstjóri lagði áherslu á mikilvægi þess að fá aðstöðu fyrir eldri borgara á Akranesi sem félagið væri sátt við....“

Það sést að svæðið í kringum húsið hefur verið hreinsað og vírgirðing hefur verið tekin niður, þannig að þegar er undirbúningur í gangi að uppbyggingu svæðisins. Það er vel.

Það þarf ekki að minna bæjaryfirvöld á hversu stór hópur 60 ára og eldri er orðinn í bæjarfélaginu og ef fram fer sem horfir á honum eftir að fjölga enn frekar. Því er mjög mikilvægt að fjármagni sé veitt til uppbyggingar húsnæðis í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda vegna vaxandi þarfa eldri borgara. Nýjustu upplýsingar geta bent til þess að fjölgun í þessum aldurhópi verði jafnvel meiri hér á þessu svæði en fyrri áætlanir hafa gert ráð fyrir.

FEBAN lýsir yfir sem fyrr einlægum vilja sínum til samstarfs við bæjaryfirvöld og hvetur þau til dáða að verja, bæta og auka lífsgæði eldri borgara okkar góða samfélags.

Með öflugum starfi frjálsra félagasamtaka, eins og FEBAN er, teljum við að með þeim góða stuðningi sem bæjaryfirvöld hafa veitt félaginu, þá sé það öllum í hag að hafa slíkt fyrirkomulag sem sé hagstæðara fyrir samfélagið í fjárhagslegum sem og félagslegum skilningi.


Það er afsakalega mikilvægt að í engu verði dregið úr fjárveitingum bæjarfélagsins á næsta ári og í nánustu framtíð til uppbyggingar húsnæðis fyrir starfsemi eldri borgara.

Það er engin ástæða til annars en að bæjaryfirvöld geri þá kröfu til sjálfrar sín, að samfélagið hér geti verið í algjörum fararbroddi í málefnum aldraðra.

FEBAN óskar eftir að vera formlega upplýst sem fyrst og fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar um næstu skref af hálfu bæjaryfirvalda um uppbyggingu húsnæðis á Dalbraut og hvernig framkvæmdáætlanir eru á árunum 2017 – 2019 í þessu efni.

Sveitarfélög um land allt eru að vinna að metnaðarfullum áætlunum um þjónustu við borgara sína og ekki síst við vaxandi hóp eldri borgara. Við hvetjum til þess að stefnan verði skýr um að samfélagið á Akranesi og nágrenni vilji vera í fararbroddi í málefnum aldraðra. Það er hagur okkar allra, sum okkar njóta þessarar þjónustu nú þegar og önnur okkar sem yngri eru, munu njóta þess vonandi ríkulega einnig síðar á lífsleiðinni.

Virðingarfyllst,
f.h. FEBAN,



Ingimar Magnússon
formaður

Samrit:

Samráðsnefnd Akraneskaupstaðar og FEBAN um uppbyggingu Dalbrautar 6, b/t Jóns Hróa Finnssonar.

ⁱ Af heimasíðu akranes.is; <http://www.akranes.is/is/frettir/thjonustumidstod-aldradra-verdur-a-dalbraut-6>